



Saga íslenskrar hrossaræktar og notkunar hestsins í 100 ár

*Kristinn Hugason forstöðumaður Söguseturs íslenska hestsins
Hólum í Hjaltadal*

Erindi á ráðstefnunni: Íslensk hrossarækt í 100 ár

- Stefnumótun hrossaræktarinnar –

Haldin laugardaginn 3. desember 2016



Forsagan 1/3

- Íslenski hesturinn kom hingað með landnámsmönnum, upprunastofninn hefur líklega verið eitthvað blandaður eins og mannfólkið en þó að uppistöðu til frá Noregi vestanverðum. Stofninn hefur varðveist í landinu án teljandi erfðainnblöndunar.
- Fornmenn stunduðu hrossarækt en þá er ekki minnst á kynbætur annars búpenings – Höfðingjum sögualdar þótti sómi af að eiga metfé í stóði.
- Með upplýsingaöldinni jóks áhersla á hvaðeina sem til framfara taldist þótt lengi sæktist hægt hér á landi, þ.m.t. í landbúnaði; jarðrækt og búfjárrækt.
- Ólafur Stephensen stiftamtmaður birti ritgerð í riti Lærdómslistafélagsins árið 1788. Er það hvatning til landsmanna um að bæta hrossin með úrvali og marka ræktunarstefnu – hann lýsir því þar hvernig hross skuli vera byggð svo ágætt teljist, - ATH! Í klassískri merkingu orðsins **ágætt** -.



Forsagan 2/3

- Ísland hefði verið óbyggilegt án hestsins til ferðalaga um veglaust land og sem burðardýr en hjólið var svo gott sem óþekkt í gegnum aldirnar.
- Hesturinn og þjóðin hafa þannig átt órofa samleið og þjóðmenning og hestamennsku menning er samþætt þótt augljóst sé að á fyrri öldum, rétt eins og í dag, hafi samskiptin við hestinn höfðað misjafnlega til fólks. Þannig eru ekki allir bíleigendur; bílamenn og ekki voru allir þeir sem nota þurftu hesta á fyrri öldum hestamenn.
- Hestkeppnir eiga sér langa sögu; samanber vígahesta fornaldar, afl og myndarskapur, kraftur, dugur, úthald, mýkt ... Eiginleika sem sóst var eftir.



Forsgan 3/3

- Magnús Stephensen háyfirdómari þekkti vel til hrossakynbóta í nágrannalöndunum. Hann skrifaði grein í Klausturpóstinn árið 1825, þar segir hann að „heppilegast sé að framkvæma hrossakynbótina“ þannig:
- *„með vönduðu vali stóðhesta og stóðkapla til undaneldis, einkum af gæðingakyninu, en fengjum bægt bikkjukyninu frá, og við þvílíkt val haft fyrir augum bæði gang og hraustleik, gervi og þrótt, reist vel lagað vaxtarlag, lit, ógallaða, góða og svarta hófa, og annað sem reyndir menn og hyggjur þekkja prýða góða hesta; en í uppeldinu veitt þeim góða forsorgun og hirðingu, og varnað þeim samblandi við bikkjukynið, hvað er mun erfiðast. Þá mundum við, eftir fá ár, sjá nýtt og gjörfulegt gæðinga- og vinnuhestakyn upp spretta í voru landi, af eigin rammleik og stofni, oss hér hentugra og girnilegra í öllu, en stærra útlent.“* (Theodór Arnbjörnsson: *Hestar*. Búnaðarfélag Íslands 1931: 86-87).



Ný öld fyrir stafni 1/2

- Það fyrsta sem þekkt er hvað skipulag um búfjárkynbætur varðar er samþykkt sýslunefndar Skagafjarðar frá 1879; „frumvarp til reglugerðar, um að bæta kynferði búpenings í Skagafjarðarsýslu.“
- Skv. því er segir í *Hestum*, sjá fyrri tilvitnun, bls. 87 – 89. Var þetta fyrsta búfjarræktarsamþykktin og sú ýtarlegasta.
- Þann 29. maí 1880 var haldin sýning á búfé o.fl. í Reynistaðarétt, líklega fyrsta sýningin. Úr landssjóði kom 200 kr. styrkur til sýningarinnar og fóru 110 kr. í verðlaunafé, hæsti verðlaunaflokkurinn var fyrir hryssur: 10 kr., hrútar, kýr og graðfolar 8 kr. en naut og ær ekki nefnd til verðlauna.
- Ýmsar hræringar; félagsstarf og stofnun svk. kynbótabúa varð svo víðar um Norðurland næstu áratugina en ekki skipulegt framhald sýningahalds.



Ný öld fyrir stafni 2/2

Talið er að fyrsta eiginlega tilraun manna til að vekja athygli á íslenska reiðhestinum, hraða hans og keppnishörku hafi verið gerð á Oddeyri á Akureyri þjóðhátíðarárið 1874 og hinar svokölluðu Melakappreiðar í Reykjavík voru haldnar flest ár frá 1897 til 1909.

Að komast sem fyrst og komast sem lengst

er kapp þess, er langt þarf að fara.

Nú ætlum við *fram*. Hver sem undir það gengst

mun aldregi skeiðfærið spara;

og færið er hér,

svo óvíst er,

hvort annan eins skeiðvöll finnum vér.

(Um Hólminn eftir Hannes Hafstein, lokaerindið.)



„Lát snúast tímans tafl / tuttugasta öld“(E.B.).

- Fyrstu lög um kynbætur hrossa voru sett á Alþingi 1891, tóku síðar ýmsum breytingum, fyrstu heildarlög um búfjárrækt voru sett 1931, tóku ýmsum breytingum í gegnum áratugina. Nú er starfað eftir heildarlögum - búnaðarlögum nr. 70/1998, með síðari breytingum.
- Búnaðarfélag Íslands var stofnað 1899 en forveri þess var Suðuramtsins húss- og bústjórnarfélag, stofnað 8. júlí 1837 og við það er stofndagur landbúnaðarsamtaka á Íslandi miðaður. Bændasamtök Íslands urðu svo til við samruna BÍ og Stéttarsambands bænda 1995. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf. (RML) tók til starfa þann 1. janúar 2013 og er einkahlutafélag í 100% eigu Bændasamtakanna.



„Lát snúast tímans tafl / tuttugasta öld“(E.B.).

- Fyrsta hrossaræktarfélagið: Hrossaræktarfélag Austur-Landeyja var stofnað 1904, þau voru síðan stofnuð hvert á fætur öðru, urðu síðar einingar í hrossarsb.
- Fyrsta hrossaræktarsambandið: Hrossaræktarsamband Suðurlands var stofnað 1949, þau voru síðan stofnuð eitt að öðru og spönnuðu misstór svæði, allt frá sýslum til fjórðunga. Samstarfsvettvangur þeirra var Hrossaræktarsamband Íslands.
- Forveri Félags hrossabænda; Hagsmunafélag hrossabænda var stofnað 1975, nafninu var þó fljótlega breytt í Félag hrossabænda sem öðlaðist stöðu búgreinafélags þegar þau komu til sögunnar á tíunda áratugnum og síðar varð heildarsameining hrossaræktarsambandanna og deilda Félags hrossabænda, venjulegast undir nafninu hrossaræktarsamtök. Þessari endurskipulagningu telst lokið 1998.



„Lát snúast tímans tafl / tuttugasta öld“(E.B.).

- Landssamband hestamannafélaga (LH) var stofnað á fundi í Reykjavík sem fram fór dagana 18. til 19. desember 1949.
- Stofnunin átti sér töluverðan aðdraganda sem ekki verður rakin hér en fyrsta hestamannafélagið; Fákur í Reykjavík var stofnað 1922, næst komu Glaður í Dalasýslu og Léttir á Akureyri 1928.
- Um 1950 komst á náið samstarf með BÍ og LH, nánar síðar en þannig starfaði um árabíl svokölluð sýninganefnd BÍ og LH, síðan kom hrossaræktarnefnd til sögunnar árið 1990 með nýjum búfjárræktarlögum (frá 1989) en með þeim fengu búgreinafélögin aðild. Landsráðunautar voru formenn nefndanna en jafn fjöldi héraðsráðunauta og bænda. Fagrað í hrossarækt var stofnað til hliðar við nefndina 1993 en tók svo að fullu við 1996 og hefur starfað með nær óbreyttu sniði allar götur síðan. Undir formennsku og með meirihlutaaðild Félags hrossabænda.
- Hestaíþróttasamband Íslands (HÍS) var stofnað 1990 en sameinað LH 1997.
- Félag tamningamanna FT var stofnað 10. apríl 1970.



„Lát snúast tímans tafl / tuttugasta öld“(E.B.).

- Samkvæmt ákvæðum búfjárræktarl. frá 1973 störfuðu um skeið stofnræktarfélag sem nutu ríkisstyrks. Skuggafélagið, stofnað í Borgarfirði 1964 og starfaði þar og á S-Skörðugili, Skag., Fjallablesafélagið, Kleifahross og Snældufélagið.
- Hrossaræktarbú ríkisins á Hólum; hreinræktun austanvatnahrossa, hófst upp úr 1960, búinu sett reglugerð 1971 og svo ný nr. 336/1989 sem fól í sér gerbreytta stefnu í samræmi við nýjustu þekkingu. Ríkisbúið féll síðar inn í rekstur skólabúsins.
- Stóðhestastöð ríkisins var stofnuð 1973 á Litla-Hrauni, fór síðan að Gunnarsholti, voru settar reglur um reksturinn 1985. Nýtt hús byggt í Gunnarsholti tilbúið í árslok 1991, rekstri ríkisins á stöðinni hætt 1995 og reksturinn fór til BÍ, síðan Hrossaræktarsamtaka Suðurlands, m.a. stundaðar sæðingar, aðstaðan leigð út í nokkur ár en húsið fór síðan í hendur Landgræðslunar sem rekur þar gestastofu.



Leiðbeiningaþjónustan 1/3

- Fyrsti búfjárræktarráðunautur BÍ; Guðjón Guðmundsson var ráðinn til starfa 1902 en lést 1908. Lauk fyrstur Íslendinga kandidatsprófi frá Landbúnaðarháskólanum í Kaupmannahöfn.
- Þá tók við Ingimundur Guðmundsson en lést af slysförum 1912. Einnig með kandidatspróf frá Landbúnaðarháskólanum í Kaupmannahöfn.
- Þá tók við Sigurður Sigurðsson sem var í starfi til dauðadags 1926. Stundaði nám í Ási í Noregi.
- Þessir fyrstu ráðunautar lögðu allir áherslu á að efla þyrfti kynbætur íslenska hestsins og aðgreina ræktun reiðhesta og vinnuhesta í anda stefnu sem Guðjón Guðmundsson skýrði vel út í grein sem birtist í Búnaðarritinu 1903.



Leiðbeiningaþjónustan 2/3

- Fyrir þróun hrossaræktarinnar skipti höfuðmáli, að **Theodór Arnbjörnsson** sem Búnaðarfélag Íslands réð til starfa árið 1920 sem sauðfjárræktar- og hrossaræktaráðunaut en sinnti einvörðungu hrossaræktinni frá 1928, auk ábyrgðarstarfa fyrir Búnaðarfélagið svo sem umsjón með fóðurbirgðafélögunum og störfum féhirðis, hafði sem megin áherslu að rækta íslenska hestinn sem eitt kyn. Sótti sér menntun 1919-’20 við Landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn.
- Theodór lést 5. janúar 1939 og sinnti Magnús Vigfússon bóndi á Refsteinsstöðum í Víðidal sýningunum þá um sumarið. Í Tímanum 23. maí segir að þá um sumarið verði hrossasýningar á Vesturlandi á milli Botnsár í Hvalfirði og Hrútafjarðarár, ein til tvær sýningar í hverri sýslu nema þar sem þar kynnu að verða felldar niður á Vestfjörðum og muni þær væntanlega byrja snemma í júní. (Nær orðrétt endursögn *Tíminn*, dagblað 23. maí 1939).



Leiðbeiningaþjónustan 3/3- Gunnar Bjarnason mætir til leiks

- Gunnar Bjarnason, fæddist á Húsavík 13. desember 1915, lést í Reykjavík 15. september 1998.
- Gunnar lauk gagnfræðaprófi 1933, las áfram námsefni menntaskólans undir handleiðslu, sr. Friðriks A. Friðrikssonar á Húsavík, búfræðingur frá Hvanneyri 1936, búfræðikandidat frá Landbúnaðarháskólanum í Kaupmannahöfn 1939, kynnti sér nánar hrossarækt á Norður-löndunum 1939 og alifugla- og svínarækt við sama skóla 1962-´63.
- Tók við embætti hrossaræktarráðunautar BÍ 1940 og gengdi því til 1961.
- Skólastjóri á Hólum 1961 -´62.
- Eftir það ráðunautur í alifugla og svínarækt 1963 til 1978 og um útflutning hrossa vel fram á níunda áratuginn. Auk þess í fjölmörg ár kennari á Hvanneyri o.fl. hjá RALA, m.a. fóðureftirlit.
- *100 ára fæðingarafmæli Gunnars Bjarnasonar er einn af hvötum þessa fundar.*
- Persónusaga hrossaræktarráðunauta verður ekki rakin nánar tímans vegna en eftirmenn Gunnars hafa verið með breyttum breytanda embættisins / starfsins: Þorkell Bjarnason, Kristinn Hugason, Ágúst Sigurðsson, Guðlaugur V. Antonsson og Þorvaldur Kristjánsson (Gunnfríður E. Hreiðarsdóttir / Eypór Einarsson sinntu starfinu 2014).



Ræktunarmakmið 1/3

- Í upphafi var áherslan hjá Gunnari á að rækta hrossakynið í anda stefnu Guðjóns Guðmundssonar en hraðfara þróun tíðarandans, m.a. stofnun LH hafði í för með sér að áherslan beindist von bráðar að reiðhestaræktinni eingöngu. Þessi stefna varð svo innsiglið jafnhliða einskonar samstafsyfirlýsingu BÍ og LH um hrossaræktina með eftirfarandi ályktun búnaðarþings árið 1951:
- **Styrkbeiðni frá Landssambandi hestamannafélaga**
- Málið var afgreitt með eftirfarandi ályktun, sem samþykkt var með 18 samhljóða atkvæðum:
- Búnaðarþing ályktar, að fyrst um sinn beri að móta hrossaræktina með sérstöku tilliti til ræktunar á sterku, geðgóðu og viljugu hestakyni, ásamt úrvals reiðhestakyni. Búnaðarþing væntir þess, að Landssamband hestamannafélaga hafi samráð við stjórn Búnaðarfélags Íslands og hrossaræktarráðunaut þess, um stefnu í hrossaræktinni, svo árangur beggja verði sem bestur.
- Til þess að tryggja þessa samvinnu mælir búnaðarþing með því, að styrkja starfsemi L.H. með fjármagni frá Búnaðarfélagi Íslands, og lýsir ánægju sinni yfir áhuga þess, er birtist í þeirri myndarlegu sýningu, er var á landsmóti hestamanna á Þingvöllum sl. sumar. (Landbúnaðarsaga Íslands 3. bindi, bls. 249).



Ræktunarmakmið 2/3

- Í anda þessarar stefnu, þ.e. ályktunar búnaðarþings 1951, var svo unnið næstu áratugina.
- Fyrsta eiginlega skilgreining dómstigans og þar með nákvæm útfærsla hins sértæka kynbótamarkmiðs birtist í ritinu *Kynbótadómar og sýningar* / Studhorse Judging and Studshows / Zuchtpferdebeurteilung und Körungen, útg. BÍ 1992, ritstjóri Kristinn Hugason.
- Þar birtust á þremur tungumálum heildarreglur um sýningahald kynbótahrossa og stigun eiginleikanna. Reglusetningin hafði að grunni ákvæði búfjárræktarlaga nr. 84/1989 og reglugerð við þau nr. 418/1991, samþ. hrossaræktarnefndar BÍ 10. apríl 1992 og stjórnar BÍ 10. sept. 1992.
- Þessar heildarreglur öðluðust svo meiri stjórnskipulega festu með setningu sérstakrar reglugerðar um uppruna og ræktun íslenska hestsins, nr. 948/2002, með breytingum 465/2004 og 810/2005. Ný reglugerð tók svo gildi 2011; reglugerð nr. 442/2011, (einnig gefin út í enskri þýðingu).
- Reglugerðin er mikilvæg upp á stöðu okkar gagnvart ræktun okkar eigin íslenska hrossastofns auk þess að tryggja að ekkert orki tvímælis gagnvart upprunalandi hestsins; **Íslandi**.
- Reglusetningin gagnvart dómunum er hins vegar núna orðinn hluti af reglusetningu FEIF.



Sýningahald 1/3

- Fyrsta sýningin á vegum Búnaðarfélags Íslands þar sem hross voru sýnd var haldin í Þjórsártúni árið 1906 – *er það einn af þeim bautasteinum sem fundur okkar í dag er haldinn til að minnast.*
- Snemmendis giltu þær reglur um hrossasýningar að ráðunauturinn fór heila umferð um landið á þremur árum. Áhersla á héraðssýningar.
- Með nýjum búfjárræktarlögum 1942 varð sú breyting að áhersla jókst á sveitasýningar en fækka héraðssýningum en stækka landssvæðin sem þær náðu til hver fyrir sig.
- Búnaðarfélag Íslands efndi til landssýningar í tengslum við landbúnaðarsýninguna í Reykjavík 1947, þar voru sýningargripirnir greindir í tvo hópa; reiðhesta- og vinnuhesta. Er þetta í eina sinnið sem slíkt hefur verið gert.
- Árið 1948 er sú breyting gerð á búfjárræktarlögum að sett voru inn í þau ákvæði um skipulag reiðhestaræktarinnar með samstarfi BÍ og samtaka hestamannafélaganna um landssýningu fjórða hvert ár.
- Með lagabreytingu 1957 var svo heimilað að fella saman héraðssýningar BÍ og fjórðungsmót LH.
- (Búnaðarsamtök Íslands 150 ára 1837 -1987. II bindi: Hrossaræktin, höf.: Steinþór Gestsson. BÍ, 1988)



Sýningahald 2/3

- Í búfjárræktarlögunum frá 1973 sem giltu til 1989 segir svo um sýningahald í hrossarækt:
- 1. Árlegar sýningar hjá búnaðar- eða hrossaræktarfélögum á ungum kynbótahrossum og eldri hrossum sem ekki hafa fengið 1. verðlaun.
- 2. Fjórðungssýningar í hverjum landsfjórðungi þriðja eða fjórða hvert ár.
- 3. Landssýningar þriðja eða fjórða hvert ár.
- 4. Heimilt er að sameina fjórðungs- og landssýningar Búnaðarfélagsins fjórðungs- eða landsmótum Landssambands hestamannafélaga.
- Á grundvelli þessara heimilda, einkum eftir 1. lið, fjölgaði kynbótasýningunum en annað mótahald var í föstu formi.
- Athygli er vakin á að skorður voru settar í 1. lið við endursýningum 1. verðl.gripa en ástæðan var sú að greitt var verðlaunafé út á árangurinn, þótt það leggjðist af á héraðssýningum, helst það á stórmótum allt fram á níunda áratuginn (verðlaun voru síðast greidd á landsmóti árið 1982).



Sýningahald 3/3

- Með setningu reglna þeirra sem birtar eru í ritinu *Kynbótadómar og sýningar 1992* og byggjast á lögum nr. 84/1989 og reglugerð við þau var fastákveðið form um sýningahaldið í hrossaræktinni.
- a) Landssýningar kynbótahrossa með forskoðun, fjórða hvert ár.
- b) Fjórðungssýningar kynbótahrossa, með forskoðun, ein sýning á ári í fjórðungunum til skiptis.
- c) Héraðssýningar kynbótahrossa, ein eða fleiri sýningar á ári í öllum héruðum landsins þar sem hrossarækt er stunduð.
- d) Sýningar á hrossum á stöðvum og búum ríkisins í hrossarækt.
- e) Dómar einstakra afkvæma, einkum vegna útflutnings.
- f) Dómar á erlendri grund á hrossum fæddum á Íslandi.
- Þarna eru líka ákvæði um fjölskipaða dómnefnd þriggja manna, um skipun dómnefnda, um rétt hrossaræktarráðunautar að dæma einn e) og f), um að búfræðikandidatar einir hafi heimild til að dæma og hvernig sýningarnar fari fram í öllum meginatriðum. Í öllum helstu atriðum standa þessar reglur óbreyttar í dag – þótt vitaskuld hafi þróun og ýmsar breytingar orðið.



Dómstigi kynbótahrossa, vægi dómsatriða í % 1950 til 2016

Sköpulag	1950	1954	1958	1961	1979	1986	1990	2000	2010
Yfirsvipur	7,0	8,75	14,0	20,0					
Höfuð					5,0	5,0	5,0	3,0	3,0
Háls, herðar, bógar					7,5	7,5	10,0	10,0	10,0
Bak og lend					7,5	7,5	7,5	3,0	3,0
Samræmi	7,0	8,75	14,0	10,0	10,0	10,0	7,5	7,5	7,5
Fætur	6,0	7,5	12,0	20,0					
Fótagerð					6,3	6,3	7,5	6,0	6,0
Réttleiki					7,5	7,5	5,0	3,0	3,0
Hófar					6,3	6,3	7,5	6,0	6,0
Prúðleiki								1,5	1,5
Alls	20	25	40	50	50	50	50	40	40



Dómstigi kynbótahrossa, vægi dómsatriða í % 1950 til 2016

Kostir	1950	1954	1958	1961	1979	1986	1990	2000	2010
Tölt	8,0	12,5	10,0	8,3	8,3	14,3	14,3	15,0	15,0
Brokk	6,0	7,5	6,0	6,7	6,7	5,7	5,7	7,5	7,5
Skeið	12,0	12,5	10,0	8,3	8,3	7,1	7,1	9,0	10,0
Stökk	8,0	10,0	8,0	5,0	5,0	4,3	4,3	4,5	4,5
Vilji	14,0	17,5	14,0	10,0	10,0	8,6	8,6		
Geðslag	8,0	10,0	8,0	6,7	6,7	5,7	4,3		
Vilji og geðslag								12,5	9,0
Fegurð í reið				5,0	5,0	4,3	5,7	10,0	10,0
Fet	4,0	5,0	4,0					1,5	4,0
Hraði	20,0								
<i>Alls</i>	<i>80</i>	<i>75</i>	<i>60</i>	<i>50</i>	<i>50</i>	<i>50</i>	<i>50</i>	<i>60</i>	<i>60</i>



„Lát snúast tímans tafl / tuttugasta öld“(E.B.).

• **Þróun í notkun hestsins og keppnisgreina**

- Íslendingar riðu inn í 20. öldina með svipuðu sniði og frá upphafi Íslandsbyggðar; reiðhestur, ferðahestur, áburðarklár.
- Á tuttugustu öldinni rann upp tími vinnuhestsins; mikilvægi hans jókst hratt en hvarf sem döggr fyrir sólu við tilkomu heimilisdráttarvélarinnar og landbúanaðarjeppans en norðlenskur bóndi komst svo að orði 1939: „*Vart getur meira búmannsþing en góða vinnuhesta.*“ (Búfræðingurinn VI. 1939: 97). Sjá: Bjarni Guðmundsson. *Frá hestum til hestafla*. Uppheimar 2013.
- Með bílaöldinni álitu margir að tími hestsins væri liðinn en alls ekki reyndist svo vera – heldur rann upp glæsilegt skeið frístundahestamennsku, vaxandi sportmennsku og atvinnureksturs í greininni – (þótt afkoman sé sjaldnast nokkuð til að hrópa - HÚRRA! – fyrir).
- Stofnun hestamannafélaganna, LH og síðar FT skipti sköpum.
- Tilkoma stórmóta; fjórðungsmót, landsmót, heimsleikar auk fjölmargra smærri atburða.
- Þróun keppnisgreina; gæðingakeppni, kappreiðar, íþróttakeppni.
- Dýrkeypt hefur reynst að Íslendingum skyldi ekki auðnast að byggja upp veðreiðar.

Auðkenning / skráning / skýrsluhald 1/2

- Í gegnum aldirnar voru hross eyrnamerkt, frostmerkingar skv. táknrófi (Kryo Kinetic) hófst 1982, urðu aldrei útbreiddar. Örmerkingar náðu hins vegar góðri fótfestu strax fyrir aldamót og eru nú skylda, skv. reglugerð þar um.
- Ættbók Búnaðarfélags Íslands á upphaf sitt árið 1923 – Theodór Arnbjörnsson – Ættbókarfærsla var hvoru tveggja í senn skráning og ræktunarstarf – velja úr; efla gæðingastofninn en bægja frá bikkjustofninum. Allur aragrúi svk. 0-hrossa, þ.e. hrossa sem ekki náðu í ættbók á árunum 1923 til 1986 þegar kerfið var við lýði, dró mjög úr gildi þess. Því var tekið upp kerfi **fæðingarnúmera** sem er einkvæm kennitala fyrir öll hross árið 1987 og farið út í **algera grunnskráningu stofnsins 1989**. Á grunni þeirrar altæku aðgerðar var svo **Fengur** leiddur úr hlaði Bændahallarinnar **árið 1991** – hrossaræktin hafði verið síðust af stað búgreinanna í tölvuvæddu skýrsluhaldi en kom nú fram með kerfi sem byggðist frá upphafi á PC-umhverfi en ekki AS400 og notendavænu viðmóti.
- **Fengs** kerfið var svo þróað stöðugt eftir því sem tækninni fleygði fram **Íslandsfengur 1996** og svo **World-Fengur**.



Auðkenning / skráning / skýrsluhald 2/2

- *Eitt af afmælunum sem við fögnum hér í dag er 25 ára afmæli skýrsluhaldsins í hrossaræktinni en eins og fram kom á glærunni hér á undan leit Fengs-kerfið dagsins ljós árið 1991.*
- Þrennt var lagt til grundvallar gagnabanka Fengs:
 - 1. Upplýsingar um ættbókarfærð hross sem öll fengu nýtt númer – fæðingarnúmer.
 - 2. Gagnabanki sem Þorvaldur Árnason vann frá því fyrir 1980 og fram til 1987, náði aftur til 1961. Hann var samlesinn við ættbókargrunninn og númeraður upp.
 - 3. Altæka grunnskráningin – sumum féll þá illa er bikkjustóðið blandaðist í einum gagnabanka við „æðri hross“ og öll fengu eins númer. Þetta kostaði mikla umræðu.
- Einn þáttur skýrsluhaldsins má ekki gleymast sem er hið svokallaða folaldaskýrsluhald sem hófst árið 1954 og stóð yfir til 1990.
- Minnt er á að skýrsluhaldið var lengi vel drifið áfram með því að skráningartekjum en ekki skráningargjöldum og síðar litið svo á að gjaldfrí skráning væri undirstaða.



Útgáfustarf

- Í gegnum áratugina hefur mikið komið út af bókmenntum í tengslum við hesta- og hestamennsku, útgáfan hefur þó minnkað umtalsvert og er furða ef ekki væri markaður fyrir meira þessi árin.
- Hvað hrossaræktina varðar komu út frá BÍ tvö rit eftir Theodór Arnbjörnsson: *Hestar* 1931 og *Járningar* um svipað leyti, endurútgefnar báðar. *Ættbók íslenskra hrossa. Stóðhestar nr. 750-966*, í ritstjórn Þorkels Bjarnasonar kom út árið 1982.
- Ársritið *Hrossaræktin* kom út 1986 til 1999, alls 15 árgangar, ritstjóri Kristinn Hugason nema hvað Þorkell Bjarnason ritstýrði 1. árg. og Ágúst Sigurðsson þeim síðasta. Þegar best lét var ársritið þrjú bindi og yfir 500 bls.
- Ritin *Kynbótadómar og sýningar* sjá fyrir og *Um kynbætur hrossa* í ritstjórn Kristins Hugasonar komu út bæði út 1992.
- POB á Akureyri gaf svo út ritverkið *Ættbók og sögu* eftir Gunnar Bjarnason.



Kynbótamat

- Íslendingar voru hvað fyrstir þjóða að taka upp kynbótamat reiknað út með BLUP-aðferð, *Best Linear Unbiased Prediction* sem hagnýta aðferð í kynbótastarfinu í hrossaræktinni. Var það gert þegar árið 1986 og studdist við samþykkt stjórnar BÍ, frá í júlí / ágúst 1986.
- Kynbótamatið hefur verið birt opinberlega allar götur síðan.
- Hefur verið grundvöllur afkvæmaverðlauna stóðhesta síðan 1990 og hryssna litlu síðar.
- Dr. Þorvaldur Árnason á heiðurinn af þessu forystuhlutverki Íslands.
- Aðferðin er í stöðugri þróun og verður það kynnt hér á eftir.
- Í ár er því 30 ára afmælisár í hagnýtingu BLUP-aðferðarinnar.



Uppruni kostanna

- Fyrsti hesturinn á sýningunni *Uppruni kostanna* á Sögusetri íslenska hestsins á Hólum í Hjaltadal, samstarfsverkefni Sögusetursins og RML og opnuð var formlega í tengslum við landsmótið á Hólum sl. sumar og afrit er af hér á veggjum salarins, er *Sörli 71 frá Svaðastöðum* en í ár eru 100 ár frá því að hann fæddist.
- Í minningu hans m.a. erum við samankomin hér í dag. **Takk fyrir!**

